

86

18. apríl

**AUGLÝSING**

um afnám reglna nr. 9 9. febrúar 1929, fyrir nemendur hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

Reglur nr. 9 9. febrúar 1929, fyrir nemendur hins almenna menntaskóla í Reykjavík, eru hér með úr gildi felldar.

*Í menntamálaráðuneytinu, 18. apríl 1945.*

**Brynjólfur Bjarnason.**

*Birgir Thorlacius.*

87

25. apríl

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 155 24. nóvember 1944, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

6. gr. orðist svo:

Reynist fullur elli- og örorkulífeyrir lægri en 60%, eða fullur lífeyrir maka lægri en 40% af meðalgrunnlaunum síðustu 10 ára áður en sjóðfélaginn lét af starfi, að viðbætti verðlagsuppbót svo sem greitt er á laun opinberra starfsmanna samkvæmt lögum nr. 60 frá 12. marz 1945, skal hann hækkaður í þá fjárhæð á meðan greidd er aukauppbót á eftirlaun starfsmanna ríkisins hliðstæð þeirri, sem ákveðin var í þingsályktun frá 28. ágúst 1942, og notuð er heimild laga nr. 48 1942 um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðnum mismuninn á því, er greitt verður samkvæmt þessari grein, og því, sem lífeyrissjóðnum bæri að greiða samkvæmt lögum nr. 101 frá 30. desember 1943.

Grunnlaunin fram til 1. apríl 1945 skulu öll reiknuð með sams konar aukauppbót sem þeirri, er ákveðin var með þingsályktun frá 28. ágúst 1942.

Tilsvarandi reglur gilda um þá, sem ekki hafa öðlazi hámarksréttindi.

*Fjármálaráðuneytið, 25. apríl 1945.*

**Pétur Magnússon.**

*Einar Bjarnason.*

88

25. apríl

**REGLUGERÐ**

um lífeyrissjóð barnakennara.

1. gr.

Samband íslenzkra barnakennara skal kjósa einn mann í stjórn lífeyrissjóðsins í stað sjóðfélaga eða félagsskaps þeirra, sbr. 4. gr. laga nr. 102 1943.

2. gr.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími, sem hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Starfstíminn þarf ekki að vera samfelldur.